



Míla ehf.
b.t. Sigrún Hallgrímsdóttir
Stórhöfða 22-30
110 Reykjavík.

Reykjavík, 23. júní 2011

Málsnúmer: 2008120106
Skjalalykill: 3.31.031 Kostnaðareftirlit
heildsölu

Málefni: M13-14 kostnaðargreining leigulínur, sbr. ákvörðun nr. 14/2011

Með vísun til bréfs Mílu dags. 21. júní sl. staðfestir Póst- og fjarskiptastofnun eftirfarandi vegna skýringa á skilmálum fyrir leigulínur hærrí en 1 Gb/s.

Leigulínur hjá Mílu með hraða yfir 622Mb/s eru af tvennum toga, annars vegar svokallaðar SDH/PDH línur og hins vegar Ethernet-línur

Tengiskil sem Míla notar eru:

1. 2,5Gb/s STM-16 SDH/PDH samkvæmt ITU-T G.958
2. 1Gb/s GbEthernet 1000BASE-xx, ljós eða Cat-strengur
3. 0,5Gb/s Ethernet afhendist um GbEthernet tengiskil

Míla hefur áform um að bjóða hærrí hraða en 1Gb Ethernet og 2,5Gb/s STM-16. Þegar það vöruframboð verður sett á markað verða notuð hefðbundin tengiskil fyrir 10Gb Ethernet og 10Gb/s STM-64. Míla stefnir að því að bjóða bandvidd til leigu sem aðeins tekur upp hluta af 10Gb/s Ethernet rás, en afhending mun alltaf fara um hefðbundin 10Gb/s Ethernet 10GBASE-xx ljóstengiskil. Vöruframboð mun miðast við skilgreiningar Metro Ethernet Forum á Ethernet þjónustu.

Hvað varðar vörur eins og 2 Gb/s 4 Gb/s eða 10 Gb/s þá miðast verð alltaf við afhendingu um 10 Gb/s tengiskil. Ef viðskiptavinur óskar eftir 4 Gb/s þá er afhent 4 Gb/s samband en ekki fjögur eins Gígabita sambönd.

Þegar Míla hefur uppfært kerfi sitt þannig að hægt verði að veita 10Gb/s Ethernet þjónustu þá mun verðskrá samþykkt af Póst- og fjarskiptastofnunar gilda í samræmi við ákvörðun stofnunarinnar nr. 14/2011.

Virðingarfyllst,

Óskar Þórðarson